



Munnleg geymd og kortlagning minninga

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Seyðisfjarðarskóli og Skaftfell – myndlistarmiðstöð Austurlands



Skóli: Seyðisfjarðarskóli

Verkefnisstjóri: Hanna Christel Sigurkarlsdóttir

Nr. samnings: 2016-2017

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið fræðsluverkefnis Skaftfells veturinn 2016-2017 var að nemendur myndu kynnast fyrirbærinu munnleg geymd, auka skilning sinn á mikilvægi þess og skoða hvort það sé á undanhaldi í nútímanum. Nemendur munu með rannsóknarvinnu skoða fyrirbærið í sínu nánasta umhverfi og komast að því hvað gerist þegar forminu er umbreytt í t.d. sjónræna framsetningu.


Með verkefninu var velt upp spurningum á borð við hver sé birtingarmynd munnlegrar geymdar í nútímanum og hvaða tilgangi hún þjónar í dag? Hvers konar frásagnir berast á milli manna og hvað gerist þegar framsetningu munnlegrar geymdar eða formi hennar er umbreytt. Jafnframt var fyrirbærið skoðað frá ólíkum sjónarhornum t.d. sögulegu, samfélagslegu, siðferðislegu og uppeldislegu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Ákveðið var að sérsníða listsmiðju fyrir nemendur í 7. bekk sem myndi taka 3-4 kennslustundir. Myndlistar- og sviðslistakona Ragnheiður Maísól Sturludóttir var ráðin sem leiðbeinandi og þróaði hún auk þess nánari útfærslu á framkvæmdarluta verkefnisins. Í grunninn gekk smiðjan út á að kryfja hugtakið munnleg geymd í samtali við nemendur og gera tilraunir með skrásetningu bæði í formi hljóðupptaka og með sjónrænni útfærslu. Nemendur áttu að velja sér frásögn úr þeirra nánasta umhverfi, endursegja hana og gera að lokum sjónræna útfærslu í formi korts. Nemendur þurftu því að tjá sig bæði munnlega og með teikningu og hlaut farandlistsmiðjan heitið „Munnleg geymd og kortlagning minninga“.

Frávik miðað við áætlun verkefnis

Áætlun og sett markmið gengu upp í alla staði.



Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnis

Þegar ráðinn er utanaðkomandi leiðbeinandi sem ekki býr á svæðinu getur verið flókið raða niður hentugum dagsetningum fyrir þátttökuskólana. Ragnheiður náði að koma á tveimur tímabilum og nýtti samtals 12 virka daga til kennslu þannig að skólarnir gátu valið úr fleiri dagsetningum.

Formið á verkefninu, farandlistsmiðja, gerði það að verkum að eingöngu var hægt að kenna hluta úr skóladegi á hverjum stað fyrir sig. Meðaltími smiðjunnar voru 4 kennslustundir. Slík tímatakörkun er ákveðin áskorun þar sem leiðbeinandinn þarf að skapa tengsl við nemendur á hverjum stað fyrir sig, koma til skila innihaldi, upplýsingum og virkja nemendur til að skila af sér persónulegum niðurstöðum þeirra. Segja má að innihald verkefnisins að þessu sinni hafi verið fremur yfirgripsmikið og vegna tímatakmarka var ákveðin áskorun að koma kjarnanum til skila á sem stystum tíma samhliða að vekja upp forvitni nemenda þannig að það skilji eitthvað eftir sig.

Fjarlægðir á milli staða er einnig ákveðin áskorun og getur verið vandamt að raða upp grunnskólunum á tímalínu sem byggir á hvenær þau geta tekið þátt og svo út frá staðsetningu. Vegna veðurs og færðar er æskilegt að halda smiðjurnar ekki mikið seinna en í október og síðast en ekki síst gat fjöldi nemenda innan hvers hóps ekki farið mikið yfir 15 til að auðvelda tengslamyndun við leiðbeinanda og framkvæmd verkefnisins.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Markmið fræðsluverkefna Skaftfells er að búa til stuttar listsmiðjur á forsendum myndlistar sem opnar með ólíkum hætti fyrir nemendum hina fjölmörgu snertifleti myndlistar. Með árunum hefur byggst upp gott traust og skapast ákveðin hefð. Skólarnir eru farnir að gera ráð fyrir boð um þátttöku í árlegum fræðsluverkefnum frá Skaftfelli og að er sögn ánægjuleg viðbót og uppbrot við hefðbundna kennslu auk þess sem það gefur nemendum innsýn inn í heim sem er þeim ekki aðgengilegur hversdagslega.

Segja má að ein helsta áskorunin við framkvæmd þessa verkefnis hafi verið að fá nemendur til að tjá sig. Ekki eiga allir jafnauðvelt með að tjá sig en Ragnheiður virðist hafa getað brotið ísinn og enduðu langflestir á að tjá sig hvort sem var með munnlegri frásögn og/eða með teikningu þannig að raddir allra fengu að njóta sín og greinilegt að öllum fannst þau hafa frá einhverju að segja.

Að þessu sinni var útkoman frá hverjum stað safnað saman á sérstakri heimasíðu tileinkuð þessu verkefni þannig að allir þátttakendur hafa nú tök á að skoða bæði sína eigin útkomu auk útkomu annarra nemenda úr skólum í öðrum bæjarfélögum. Með þessu vildum við ekki aðeins gera verkefninu hærra undir höfði og bjóða upp á góða og skilmerkilega yfirsýn heldur einnig gera tilraun til að minnka fjarlægðir á milli skólanna sem dreift er á svo stóru svæði sem Austurland er og gera nemendum kleift að skyggjast inn í heim hvors annars.

Á sama tíma og nemendur fá með þessum stuttu smiðjum innsýn inn í kjarna verkefnisins þá græða þau ekki síður á því að fá til sín í heimsókn leiðbeinendur með ólíkari bakgrunn en þau eiga oft að venjast. Með því opnast fyrir þeim heimur fjölbreytileika sem skiptir máli þegar kemur að framtíðarvali þeirra í tengslum við nám og starf. Mikilvægt er að þau átti sig á því að leiðir að markmiðum eru óteljandi.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið gekk upp í alla staði og fékk bæði leiðbeinandi og starfsfólk Skaftfells endurgjöf frá bæði kennurum og nemendum sem lét vel af verkefninu og niðurstöðum þess sem safnað var saman á heimasíðunni.

Niðurstöður verkefnis

-Verkefninu er lokið hvað varðar framkvæmd, kynningu og frágang þess. Öllum grunnskólum á Austurlandi var boðin þátttaka án endurgjalds og þáðu alls 12 skólar af 14 boðið og tóku alls 159 nemendur þátt í verkefninu. Vegna þátttöku í *List fyrir alla* var einnig hægt að fara með verkefnið í skóla á Norð-Austurlandi og að auki gera heimasíðu sem gerir frásögnunum og kortum þátttakenda frekari skil. Sjá: <http://skaftfell.wixsite.com/minningar>

-Nemendur virtust almennt tengja við innihaldið og átta sig á að munnleg geymd er síkvikt og marglaga fyrirbæri sem tvinnast inn hversdagslíf okkar án þess að við hugsum sérstaklega út í það. Nemendur fengu glögga innsýn í þá staðreynd að munnleg geymd er enn stór og mikilvægur partur af samskiptum og að í dag séu boðleiðir styttri en fyrr á tímum þegar við höfðum ekki yfir nútímtækni að ráða á borð við síma og tölvur. Þessi stytting kemur mögulega niður á færni okkar að muna eftir atburðum og um leið hæfninni að endursegja þar sem við reiðum okkur meira á skrásettar frásagnir í formi texta eða mynda. Í mörgum tilvikum virtust teikningarnar hjálpa nemendum að draga fram blæbrigði frásagna enda geta þær verið leið til að opna á sjónrænt minni þ.a. að auðveldara er að sjá fyrir sér atburðinn og kortleggja frásögnina. Teikningarnar og frásögnin studdu þannig hvort við annað.

-Frásögn í formi tjáningar var stór þáttur í verkefninu og gat verið viss áskorun fyrir nemendur; bæði við að koma sögunni frá sér og að standa fyrir framan aðra og segja frá. Smiðjan var því til þess fallin að veita nemendum færniþjálfun í framkomu.

-Sumum nemendum fannst í upphafi smiðjunnar að þau hefðu ekki frá neinu sérstöku að segja. Í gegnum hugmyndavinnu og samræðum við leiðbeinanda og samnemendur áttuðu þau sig á því að hægt var að gera jafnvel „smávægilegustu“ frásagnir áhugaverðar með því að koma að vissum sjónarhornum og blæbrigðum. Verkefnið varpaði ljós á mikilvægi frásagnarlistarinnar og veitti innsýn í hvaðan sögur koma og hvernig þær ferðast á milli manna.

-Þetta er þriðja farandverkefni Skaftfells þar sem leiðbeinandi sækir heim alla grunnskóla Austurlands. Þrátt fyrir knappan tíma sem leiðbeinanda og nemendum er úthlutað við smiðjuna hafa þessi verkefni glögglega sýnt hversu mikilvægt það er að fá utanaðkomandi fagfólk inn í kennslustofuna sem kemur með nýtt og ferkst sjónarhorn á ólíka kennsluhætti og fjölbreyttar vinnuaðferðir.

-Vel kemur til greina að þessu verkefni verði miðlað í öðrum landshlutum undir handleiðslu Ragnheiðar en það fer þó eftir fjármagni sem þarf til að bæði kynna það og framkvæma.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnis og niðurstöður

Verkefnið hlaut kynningu á meðan á því stóð í gegnum heimasíðu Skaftfells og List fyrir alla auk þess sem birtar voru tilkynningar á fésbókarsíðu hvoru tveggja. Eins og fram koma hér á undan var búin til heimasíða undir afrakstur verkefnisins, sjá: <http://skaftfell.wixsite.com/minningar> og allir þáttökuskólar fengu tilkynningu um tilurð hennar.



Seyðisfjörður, 2. október 2017

Anna Christel Sigorkaelsd.